



31. maí 2021
Tilvísun: 2102168

Dreifibréf númer: 29/2021
til váttryggingafélaga og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EIOPA um útvistun til skýjaþjónustuaðila

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um útvistun til skýjaþjónustuaðila (EIOPA-BoS-20-002).

Viðmiðunarreglurnar, sem eru 16 talsins, taka til skýjalausna líkt og kafli 3.1 í leiðbeinandi tilmælum vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitskyldra aðila nr. 1/2019. Fjármálaeftirlitið beinir því til váttryggingafélaga að kynna sér viðmiðunarreglurnar, sem aðgengilegar eru á heimasíðu Seðlabankans, og taka framvegis mið af þeim í starfsemi sinni í stað tilmæla Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA/REC/2017/03) um notkun skýjaþjónustu sem vísað er til í fyrirnefndum tilmælum nr. 1/2019. Vakin er athygli á því að það eru ákveðin atriði í EIOPA viðmiðunarreglunum sem eru ítarlegri. Má þar einkum nefna:

- Að þjónustu sem eftirlitsskyldur aðili útvistar til aðila sem ekki telst skýjaþjónustuaðili, en sem reiðir sig verulega á skýjaþjónustu í starfsemi sinni, ber að flokka sem skýjaþjónustu.
- Að eftirlitsskyldur aðili, sem útvista mikilvægum aðgerðum, á að hafa fullan aðgang að allri vinnuáðstöðu skýjaþjónustuaðila sem máli skiptir, þ.m.t. viðeigandi tækjum, kerfum, neti, upplýsingum, gögnum, starfsfólki og ytri endurskoðendum. Þá skal eftirlitsskyldur aðili halda ótakmörkuðum réttindum til skoðunar og endurskoðunar á því sem tengist útvistunarfyrirkomulaginu.
- Ef útvistun er á kjarna- eða mikilvægri starfsemi/aðgerðum til skýjaþjónustuaðila, á eftirlitsskyldur aðili að auki að skilgreina sérstakar kröfur um upplýsingaöryggi í útvistunarsamningi og fylgjast reglulega með því að þessar kröfur séu ávallt uppfylltar, sbr. m.a. grein 37 í viðmiðunarreglunum.

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar 28. mgr. 13. gr., 38. gr. og 49. gr. tilskipunar 2009/138/EB (Solvency II tilskipunin), sbr. 39. tölul. 1. mgr. 6. gr., 33. og 49. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, sbr. og til hliðsjónar 37. gr. sömu laga. Þær tóku gildi 1. janúar 2021 innan Evrópusambandsins og er aðlögunartími fyrir þá aðila sem nú þegar hafa gert samninga um útvistun til skýjaþjónustuaðila til 31.

desember 2022. Við það tímamark þurfa viðkomandi aðilar að hafa aðlagð samninga til samræmis við ákvæði viðmiðunarreglnanna.

Viðmiðunarreglur (EIOPA-BoS-20-002) eru aðgengilegar hér:


<https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/ees-vidmidunarreglur/eiopa/nr/3803>

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sbr. lög nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins og tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Með vísan til framangreinds ber váttryggingafélögum að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EIOPA og taka framvegis mið af þeim í starfsemi sinni í stað tilmæla EBA um notkun skýjaþjónustu sem vísað er til í leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019. Fjármálaeftirlitið mun samhliða styðjast við viðmiðunarreglur EIOPA við mat á því hvort váttryggingafélög uppfylli kröfur samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og tilmælum sem fjallað er um í þessu dreifibréfi. Þá er unnið að endurskoðun á leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019, m.a. til að uppfæra þau til samræmis við framangreint.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyris og váttrygginga



Sigurveig Guðmundsdóttir
sérfr. í áhættugreiningu
lífeyris og váttrygginga